

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017,**  
**Egilsstaðaháls, Fljótsdalshéraði.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að 58,1 ha svæði á Egilsstaðahálsi er skilgreint sem blönduð landnotkun frístundabyggðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Fyrir breytinguna voru 46,6 ha af svæðinu skilgreindir sem landbúnaðarsvæði en hinn hlutinn, Prestakershöfði skilgreindur sem blandað svæði frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2006.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2006